Býr í miðri New York-borg og sýnir í vinnustofunni

Viðtal við listakonuna Valgerði Hafstað

LISTAKONAN Valgerður Hafstað hefur á síðasta áratug lagt leið sína til Íslands annað og þriðja hvert ár með listaverk sín til að sýna löndum sínum. Kom í þetta sinn með um 60 vatnslita- og akrílmyndir og einnig nokkrar olíumyndir, sem hún hefur unnið síðan 1981 og sýnir á Kjarvalsstöðum. Nýjustu myndirnar málaði Valgerður raunar á Íslandi í vor, í sumar í Frakklandi og í haust í Bandaríkjunum. En þessir þrír staðir eru heimkynni hennar. Fyrstu tvo áratugi ævinnar átti hún á Íslandi, næstu tvo áratugina bjó hún í París og hefur nú verið búsett í New York með fjölskyldu sinni í 10 ár. Og hún ræktar vel sambandið við alla þessa staði. Sagði í stuttu samtali við Morgunblaðið að hún vildi reyna að halda áfram að koma hingað öðru hverju með sýningar í framtíðinni. Synirnir þrír hafa líka í uppvextinum verið mikið hér á sumrin og tala íslensku þótt ekki sé íslenskan þeim eins töm og enskan og franskan svo sem eðlilegt er, þar sem foreldrarnir tala frönsku á heimilinu og enskan er ríkjandi í skólum og í umhverfinu.

Valgerður Hafstað er fædd í Vík í Skagafirði, yngst 10 systkina sem upp komust. Þar átti hún sín æskuár, þar til hún fór að heiman í skóla í Reykjavík. Eldri systkinin höfðu farið hvert af öðru í Flensborgarskóla í Hafnarfirði til föðursystur sinnar, en þrjú þau síðustu til Reykjavíkur þar sem þau eldri voru þá sest að. „Ég var ekki orðin tveggja ára þegar móðir mín dó svo að ég er að mestu alin upp af eldri systkinum," segir Valgerður. „Eftir að ég hafði lokið gagnfræðaprófi hjálpaði Sigurður bróðir minn mér til að komast til Kaupmannahafnar þar sem ég var í eitt ár við nám við Akademi for fri og merkantil kunst. Og þar var það sem ég komst fyrst í kynni við myndlistina, lærði undirstöðuatriði í málun, listasögu o.fl. Ætlaði svona að prófa þetta úr því mér gafst tækifæri til þess. En eftir árið var teningnum kastað. Þá var ég ákveðin í að fara í kennaradeild Handíða- og myndlistaskólans. Hugðist hafa kennsluna upp á að hlaupa til að vinna fyrir mér. Og kenndi raunar við Fósturskólann og Myndlistarskólann þá tvo vetur sem ég var hér heima.

Ýmislegt fer öðru vísi en fyrir er séð. Valgerður hélt til Parísar til framhaldsnáms með vinkonu sinni Guðmundu Andrésdóttur, reiknaði ekki með því að geta verið þar lengur en eitt ár, ef það tækist þá. En henni tókst að fá svo ódýrt herbergi að dvölin í listaborginni teygðist upp í hálft annað ár. Og nú hafði París heillað Valgerði og hún var þar lengst af á vetrum til 1958 er hún giftist franska listmálaranum André Enard og settist þar alveg að.

„Þá fór ég að læra mosaikgerð í skóla sem rekinn var af hinum kunna listmálara Severini. Hann kenndi öðru vísi og nýstárlegri mosaikgerð en þessa hefðbundnu frá Ítalíu. Þó voru þarna ítalskir kennarar og mér líkaði betur við þeirra aðferð." Ekki segist Valgerður hafa notað mikið þessa kunnáttu, þó unnið nokkur mosaikverk. M.a. er mosaikmynd eftir hana í kaffihúsi og verslun í bænum Montfort L'Amory vestan við París, en á Íslandi eru slíkar myndir aðeins til í heimahúsum. Um svipað leyti tók hún líka að læra gerð steindra glugga og vann nokkuð við steinda kirkjuglugga. Fyrir 25 árum gerði hún steinda glugga í kirkjuna á Tjörn í Svarfaðardal og tillögur hennar að steindum gluggum í alla kirkjuna hafa nú verið útfærðar. Eitt sinn kom hún líka hingað heim til að gera veggskreytingu í héraðsskólann í Varmahlíð í Skagafirði, heimasveit sinni.

„Þótt ég hafi að vísu unnið nokkuð við þessháttar verk erlendis, þá hefi ég stundað málverkið meira. Auk þess vann ég á tímabili við listiðn af ýmsu tagi, svo sem eins og listvefnað og brúðugerð. Ekki þó brúður fyrir börn heldur sem listgrein. Brúðurnar hafa verið á sýningum með öðrum listiðnaði. Á þessum árum fór mikill tími í að koma



Valgerður Hafstað býr, vinnur og sýnir í New York, París og Reykjavík.

sér upp húsi með vinnustofum fyrir okkur vestan við París og eignast og koma á legg þremur strákum."

Húsið í Saulx Marcais leigðu þau André og Valgerður svo þegar þau héldu til New York á árinu 1974. „Ætluðum að vera þar til reynslu í tvö ár. En árin eru nú orðin tíu. Í húsinu í Frakklandi eru alltaf sömu leigjendur og samningar þannig að þeir hleypa okkur í húsið annað hvert ár svo að við getum verið þar að sumrinu. En á vetrum er André bundinn við kennslu í tveimur listaskólum í New York."

„Jú, það voru mikil viðbrigði að flytja til New York frá París og þurfti svolítinn tíma til að venjast því," segir Valgerður. „Fyrstu sex árin bjuggum við utan við New York, en eftir að drengirnir voru orðnir stálpaðir og að mestu búnir í skyldunámi fluttum við inn á Manhattan. Fannst þessi akstur á milli orðinn nokkuð þreytandi. Þar búum við í húsi við 62. götu og Lexington Avenue þar sem er sýningarsalur niðri og mikið um sýningarsali í kring. Og þar sem íbúð okkar er þannig úr garði gerð að þar eru vinnustofur með lýsingu eins og í sýningarsölum, þá höfum tekið það ráð að koma þar upp reglulega sýningum á verkum okkar og seljum myndir af þeim sýningum. Þetta er ágæt tilhögun og gerir það að verkum að við vinnum betur. Tíminn verður drýgri. Þetta er vel staðsett í stórborginni fyrir listamenn. Maður hefur kring um sig gnægð sýninga og safna og andrúmsloft lista almennt."

Við spyrjum Valgerði hvort hún finni mun á því að lifa af listum í Frakklandi og New York og hún segir að sér virðist auðveldara að selja myndir í New York. „Frakkar koma og skoða verkin, en Bandaríkjamenn eru fljótari til að draga upp veskið og kaupa það sem þeim líst vel á."

Sagt er að það gefi hverjum sem hann sé góður til. Valgerður hefur svo sannarlega fengið að reyna það á þessu ári. Hún var á Íslandi í júní í vor á leið sinni til Frakklands. Fékk allan tímann fegursta vorveður og ók í fyrsta skipti hringveginn austur um landið. Og þótt verkföll væru þegar hún kom aftur í haust og tefðu sýningu hennar hefur haustið varla getað verið fegurra. „Alveg stórkostlegt," segir Valgerður. „Einkum nýt ég þess af því að ég hefi ekki verið árum saman á Íslandi á þessum árstíma."

— E.Pá.




Takið eftir–tökum eftir!

Eftirtökur og stækkanir af gömlum myndum

Svipmyndir

Hverfisgötu 18 (gegnt Þjóðleikhúsinu) s. 22690.

Nú er opið lengur!



Heilsusamleg dægrastytting

og hvíld í skammdeginu

Vegna óska viðskiptavina höfum við ákveðið að lengja opnunartíma sundlaugarinnar. Hún verður opin virka daga kl. 8–11 og 16–22 og um helgar kl. 8–19.

Bjóðum notalega aðstöðu þar sem þú getur tekið sprett í sundlauginni, sest í vatnsnuddpottinn, gert þrekæfingar, farið í gufubað, sólbað eða nudd og jafnvel lagt þig á eftir.

Verið velkomin.

HÓTEL LOFTLEIÐIR

FLUGLEIÐA HÓTEL